

Heimilisfræði vetur 2022-2023 8-10 bekkur val, matur og menning.

Kennarar: Sigfríður Jódís Halldórsdóttir

Lýsing

Markmið:

Að nemandi geti skipulagt og framkvæmt verkefnið eins og til er ætlast, beitt til þess helstu matreiðsluaðferðum og notað algengustu áhöld.

Að nemandi fari eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu

Að nemandi sýni ábyrgð og örugga umgeng við vinnu og frágang á vinnusvæði.

Að nemandi geti unnið sjálfstætt og eins með öðrum nemendum, þá tveir saman eða í hóp.

Að nemandi geti notað ýmsa miðla til upplýsingaafana.

Nám aðallega verklegt og símat

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Kennslustundir hefjast á innlögn kennara á viðfangsefni tímans.

Því næst vinna nemendur saman í tveggjamanna hópum við matreiðslu eða bakstur eftir því sem við á undir stjórn kennara.

Stundum eru unnin skrifleg verkefni í vinnubókum.

Að lokum ganga nemendur frá í kennslueldhúsinu og lögð er mikil áhersla á góðum frágangi og umgengni í eldhúsinu.

Námsaðlögun

Komið er til móts við hvern nemanda eins og þarf með einstaklingsmiðuðum áætlunum.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

VS heimilisfræði matur og menning val, 8-10 bekkur.vor22

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

VS heimilisfræði matur og menning val, 8-10 bekkur.vor22 - Matur og lífshættir

- Getur unnið án aðstoðar.
- Er tilbúin að vinna með öðrum í hópum.
- Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu.

VS heimilisfræði matur og menning val, 8-10 bekkur.vor22 - Matur og vinnubrögð

- Skipulagt og framkvæmt verkefnið eins og til er ætlast.
- Þekki helstu hráefni sem notuð eru við matreiðsluna og bakstur.
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld.
- Sýnt ábyrgð og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði